

Nd.

191. Frumvarp til laga

[131. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Fr. Björnsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Stokkseyri I—III og eignarhluta sinn í eftirtöldum hjáleigum og grasbýlum: Kaðlastöðum, Grímsfjósum, Ranakoti, Eystri-Móhúsum, Starakaðarhúsum, Símonarhúsi, Roðgúl, Gerði, Vestra-Íragerði, Eystra-Íragerði, Hellukoti, Vestri-Rauðárhóli, Eystri-Rauðárhóli, Nirði og Hóli.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Stokkseyrarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Stokkseyrarhreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Stokkseyrarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndarinnar í Stokkseyrarhreppi. Er af hreppsnefndarinnar hálfu gerð svofelld grein fyrir frumvarpinu:

Á árinu 1947 var gerður skipulagsuppdráttur af Stokkseyrarkauptúni, og hefur síðan verið að því unnið að leggja og lagfæra götur og staðsetja nýjar byggingar samkvæmt skipulagsuppdrættinum.

Í ljós hefur komið við þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið í þorpinu nú hin síðari ár, að ýmis eldri mannvirki, hús og bæir hafa farið í bága við skipulag hins nýja uppdráttar, einnig að gerbreyta varð götum kauptúnsins, sem við var að búast um svo gamalt og óskipulagt þorp.

Nú hefur risið upp allmikið af nýjum húsum í kauptúninu, sem ríkið hefur leigt lóðir undir og tekið lóðargjald af. Hreppsfélagið hefur hins vegar haft mikinn kostnað af að gera lóðirnar byggilegar með árlegum fjárframlögum til lagningar vega, holræsa o. fl. Kostnaður þessi er allur tekinn úr vasa hreppsbúa með beinni útsvarsálagningu, þar sem ekki er um aðrar tekjur hjá sveitarfélaginu að ræða en útsvar á hreppsbúa. Sveitarsjóður nýtur hins vegar í engu hækkaðra lóðargjalda, sem óhjákvæmilega verða vegna þessara framkvæmda sveitarfélagsins. Er slíkt mjög óeðlilegt.

Stór þáttur í atvinnulífi þorpsbúa hefur verið ræktun garðávaxta. Á s. l. hausti var uppskera mjög léleg, og olli þar um, að í garðlöndin eru komnir svonefndir hnúðormar, er valda uppskerubrestinum. Fyrirsjáanlegt er, að leggja verður niður

meginhluta af garðlöndum þorpsbúa og brjóta ný til ræktunar. Á þann hátt einan er hægt að komast hjá þessum vágesti. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að hafa allmikinn kostnað í för með sér, er að verulegu leyti hlýtur að koma á sveitarfélagið. Það væri að sjálfsgöðu miklu eðlilegra, að hreppurinn ætti það land, er hann þannig verður að leggja stóra fjármuni í.

Þá er og þess að geta, að Stokkseyringar hafa um áráraðir haft landbúnað sem sinn annan aðalatvinnuveg. Í því sambandi er nauðsynlegt að skipuleggja hagbeit fyrir búfé þorpsbúa og einnig afnot slægjulanda. Í þeim efnum einnig telur hreppsnefndin hagræði að því, að hreppsfélagið sjálft ætti löndin.

Á árinu 1959 var borað eftir neyzluvatni á Stokkseyri með góðum árangri og gerð kostnaðaráætlun um vatnsveitu fyrir kaптúnið. Enn hefur ekki verið ráðizt í frekari framkvæmdir, en mjög er aðkallandi að halda þar áfram og koma upp fullkominni vatnsveitu fyrir kaптúnið. Hér yrði um geysi-kostnaðarsama framkvæmd að ræða, sem hreppurinn yrði að leggja mikið fjármagn í, en æskilegt væri og eðlilegt, að hann væri þá orðinn eigandi þess lands, er þorpið stendur á.

Af löndum rikissjóðs í Stokkseyrarhreppi er ekki mikil tekjuvon. Er því af þeim ástæðum ekki eftirsóknarvert fyrir hreppsfélagið að festa kaup á jarðeignunum. En vegna ýmissa aðstæðna, eins og fram hefur komið hér að framan, verður að telja hagkvæmt og í sumum tilfellum mjög æskilegt, að hreppsfélagið ætti sjálft jarðeignir þessar.

Fylgiskjal.

Stokkseyri, 6. des. 1960.

Á fundi hreppsnefndarinnar í Stokkseyrarhreppi hinn 27. nóv. s. l. var samþykkt í framhaldi af fyrri umræðum hreppsnefndarinnar að óska eftir því, að þingmenn Suðurlandskjördæmis flyttu á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um heimild handa rikisstjórninni til að selja Stokkseyrarhreppi heimajörðina Stokkseyri I—III ásamt eignarhluta ríkisins í hjáleigum og grasbýlum úr landi Stokkseyrartorfunnar.

Meðfylgjandi fylgir frumvarp ásamt greinargerð, er hreppsnefndin óskar vinsamlega eftir að þér gerizt flutningsmenn að.

Virðingarfyllst,

F. h. hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps,

Björgvin Sigurðsson,

Oddvitinn í Stokkseyrarhreppi.

Til alþingismanna Suðurlandskjördæmis.